

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Gissurarsonar vegna Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Guðmundar Gissurarsonar, forseta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og fyrsta forstjóra Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs.**

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðmundar Gissurarsonar vegna Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1958 af nokkrum vinum Guðmundar heitins Gissurarsonar.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gera vistfólki á öllum deildum Elli- og hjúkrunarheimilinu Sólvangi dagamun ár hvert á fæðingardegi Guðmundar Gissurarsonar hinn 12. maí. Stjórn sjóðsins ákvarðar hverju sinni, hvernig þetta er gert.

### 4. gr.

Til þessa skal aðeins verja vöxtum sjóðsins þar til höfuðstóllinn er orðinn 100000.00 kr. Þá má verja árlegum tekjum sjóðsins auk vaxta til þess að gleðja og gera vistmönnum Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs dagamun.

### 5. gr.

Sjóðnum sé aflað tekna með sölu minningarspjalda og minningargjöfum.

### 6. gr.

Rita skal nöfn allra þeirra, sem minnst er með gjöfum, í þar til gerða bók, sem ávallt skal geymd í Elli- og hjúkrunarheimilinu Sólvangi.

### 7. gr.

Komi til þess, að Elli- og hjúkrunarheimilið Sólvangur verði ekki starfrækt, renni sjóðurinn til hliðstæðrar líknanstofnunar í Hafnarfirði.

### 8. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í sparissjóði eða bankastofnun í Hafnarfirði með beztu fánlegum kjörum.

### 9. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, forstjóri Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs og eftirlifandi kona Guðmundar Gissurarsonar eða nánasta ættmenni hans búsett í Hafnarfirði. Verði ágreiningur um, hvert tveggja eða fleira ættmenna eigi að sitja í stjórninni, sker bæjarfógetinn í Hafnarfirði úr.

### 10. gr.

Reikningar sjóðsins og endurskoðun þeirra skulu fylgja reikningum Sólvangs.